

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
nefndasvið v. Austurvöll, Rvík.

Umsögn SFH um tillögu til þingsályktunar
um aðgerðir til að efla lítill og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni og hugverkaíðnaði
þingskjal 13 – 13. mál á 144. löggj.þingi 2014-2015.

Eftirfarandi er umsögn Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna og athugasemdir við einstaka liði.
Umsögnin tekur til tillögunnar sjálfar en ekki orðalags í greinargerð, nema þess sé getið sérstaklega.

Tillagan í heild:

Mikil þörf er á að efla starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja almennt; og ekki einungis á þessum tilgreindu sviðum. Til þess geta stjórnvöld beitt ýmsum hvötum, bæði á forstigum og varðandi rekstrarskilyrði. Tillagan snertir nokkra hvata í þessu efni, en fleiri verkfæri þarf að skoða, eins og bent verður á hér síðar.

Í heildina er tillagan góð og þörf, svo langt sem hún nær, en hana þarf nauðsynlega að bæta eins og hér verður bent á. Hún tekur á þáttum sem nauðsynlegt er að skoða til að unnt sé að efla þennan þátt atvinnulífsins.

Sum þessara atriða hafa lengi verið baráttumál íslenskra frumkvöðla og hugvitsmanna, s.s. aukinn hvati fyrir fjárfesta til þátttöku í uppbyggingu frumkvöðlafyrirtækja; sívirkur vettvangur sem leiðir saman frumkvöðla/hugvitsfólk og fjárfesta; raunverulegur og öflugur stuðningur við græn frumkvöðlafyrirtæki; beiting skattalegra úrræða og efling áhuga á verkgreinum og skapandi hugsun með sérstökum úrræðum í skólakerfinu.

Athugasemdir við einstaka liði:

1.a. Nauðsynlegt er að gera lífeyrissjóðum kleift að fjárfesta í öllum þeim tækifærum sem þeim list á að muni leiða til verðmæta- og atvinnusköpunar og gefa ásættanlega ávöxtun. Að auki þarf löggjöf í þessu efni að hvetja lífeyrissjóðina til að fjárfesta í vænlegum hugmyndum og uppfinningum strax á frumstigi, og mynda þannig nýjan og öflugan þátt í stuðningsumhverfi nýsköpunar. Hugsanlegt er að búa þurfi lífeyrissjóðunum eitthvað bakland til að þeir geti þannig lagt fram áhættufé. Í ljósi þess hve nýsköpun er þjóðarþúinu nauðsynleg er ekki óeðlilegt að slíkt bakland sé í formi ríkisábyrgða.

1.b. SFH styður ívilnanir sem hvata til nýsköpunar, en tryggja þarf að þær gagnist ekki síður litlum og meðalstórum aðilum en stórfyrirtækjum og þær standist skuldbindingar Íslands í alþjóðaviðskiptum.

1.c. Hér er breytinga þörf: Aðkallandi er að skapa vettvang til beinna samskipta hugvitsmanna, frumkvöðla og fyrirtækja annarsvegar og fjárfesta hinsvegar. Skortur á slíkum vettvangi er ein stærsta brotalömin í stuðningi við nýsköpun í dag, sem þó eru margar. Tillögugreinin er markmið sem útfæra skal í samstarfi við „hagsmunaaðila“, og er sem slík vel ásættanleg. Hinsvegar verður ekki unað við skilgreiningu í greinargerð á því hvað við er átt með „hagsmunaaðilar“. Ekki er þar tekið

tillit til hugvitsmanna og frumkvöðlanna sjálfra. Þeir sem hér eru nefndir sem dæmigerðir hagsmunaaðilar eru Íslandsstofa, Klak, NMÍ og Rannís. Furðulegt hlýtur að teljast að hagsmunafélög frumkvöðlanna sjálfra séu ekki talin hagsmunaaðili í þessu tilliti. Óbreytt orðalag er til þess fallið að festa í sessi viðvarandi forræðishyggju ríkisstofnana gagnvart íslensku hugvitsfólki og frumkvöðlum og vinna þannig gegn markmiði og yfirskrift þessarar tillögu. SFH fer fram á að orðalagi verði breytt í greinargerð tillögunnar varðandi þennan lið og að viðeigandi setning orðist þannig: „Eins og fram kemur í tillögugrein skal haft samráð við hagsmunaaðila, og er þar t.d. átt við Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna, KVENN, Íslandsstofu, Klak, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís“.

1.d. Hér er breytinga þörf. Tímabært og nauðsynlegt er að komið verði á fót grænum fjárfestingarsjóði og grænum samkeppnissjóði, í samræmi við þverpólítíska samþykkt Alþingis í þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins, fyrir fáum árum, og mótaðar skýrar og gegnsæjar verklagsreglur um meðferð þeirra sjóða. Framkvæmd þingsályktunar um græna hagkerfið hefur verið mjög ábótavant og í litlu samræmi við innihald hennar og tilgang. Við Íslendingar stærum okkur af því að vera í fremstu röð þjóða varðandi hreint umhverfi, hreina orkuöflun og sjálfbærni í veiðum. Þessi ímynd er mjög mikils virði og hin græna stefnumótun ekki síður. Íslenskt hugvitsfólk hefur lagt sig fram um frumkvöðlastarf og nýsköpun á þessu sviði, og bundu því miklar vonir við stuðning hinna grænu sjóða sem skyldu vera stofnaðir á grunni þingsályktunarinnar. Þær vonir hafa enn ekki ræst, og má þar bæði kenna um fjárveitingavaldi og framkvæmdavaldi. Fjárveitingar til græna hagkerfisins hafa verulega verið skornar niður og mikil óvissa ríkir varðandi verklag við veitingar úr þeim. Umleitunum hugvitsmanna um stuðning við verkefni sín á þessu sviði hefur verið vísað úr einu ráðuneytinu í annað og fullkomið öngþveiti hefur ríkt um verklagið; er svo enn. Þannig var nýsköpunarverkefnum sem heyra undir atvinnuvegaráðuneyti vísað til umhverfisráðuneytis; þaðan í forsætisráðuneyti; þaðan aftur til atvinnuvegaráðuneytis og síðan enn til forsætisráðuneytis (allt er það skjalfest), sem vísar nú á Alþingi. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis staðfestir í nýlegu bréfi að allt fé sem á fjárlögum er ætlað til grænna verkefna sé núna fryst þar til m.a. Alþingi hefur tekið af skarið um meðferð þess. Til að auka enn á ringulreiðina þá var fjárlagaliðurinn þannig afgreiddur í fjárlögum 2014 að úr honum mætti greiða til menningar- og húsverndarverkefna og alls annars sem hugurinn girnist. Slík vinnubrögð eru gjörsamlega óásættanleg, og tekur SFH undir aðfinnslur ríkisendurskoðunar í þeim efnum.

Nauðsynlegt er að gera athugasemdir við orðalag í greinargerð tillögunnar, þar sem segir; „Flutningsmenn vænta þess að ráðherra hafi samráð við Samtök iðnaðarins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins“. Hér virðist enn vera ætlunin að ganga framhjá hagsmunasamtökum hugvitsfólks og frumkvöðla, og er því harðlega mótmælt. Til að hinir grænu sjóðir komi að gagni við stuðning nýrra grænna frumkvöðlaverkefna hlýtur að þurfa að taka tillit til sjónarmiða frumkvöðla sem leita munu eftir stuðningi þessara úrræða. Hvorki Samtök Iðnaðarins né Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins geta túlkað þessar þarfir, umfram sitt eigið starfssvið. SFH fer fram á að við framangreinda setningu bætist „...Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN“.

2.a. Skattaívilnanir til þeirra sem fjárfesta í litlum fyrirtækjum eru tímabærar, og er tekið undir röksemdir í greinargerð varðandi þessi efni.

2.b. Æskilegt væri að lækka tryggingagjald, enda er það núna verulega íþyngjandi og samkeppnishamlandi fyrir fyrirtæki í mannfrekri starfsemi.

3. Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna hafa lengi barist fyrir eflingu verk- og tæknináms og styðja markvissa stefnumótun á því sviði. Í greinargerð tillögunnar eru nefndar nokkar aðgerðir sem grípa mætti til í þessum tilgangi. Einn þátt vantar algerlega í íslenskt menntaumhverfi til að það verði sambærilegt grannlöndum okkar, en það er fræðandi og áhugahvetjandi tæknimiðstöð (e: science center). Í öllum okkar viðmiðunarlöndum gegna slík setur lykilhlutverki í eflingu áhuga og skilnings, jafnt í skólasterfi sem meðal almennings, auk þess sem þau hvetja til nýrra lausna og skapandi hugsunar. Frá árinu 2003 hefur SFH, í samvinnu við áhugamannafélagið ÁTAK, unnið mikla undirbúningvinnu varðandi kosti þess að koma hér á fót tæknimiðstöð, eins og tvær áfangaskýrslur bera með sér. Fyrir liggur mikil upplýsingaöflun og sambönd við slík setur víða um heim. Furðu gegnir hve áhugi stjórnvalda hefur verið lítill í þessum efnum, þrátt fyrir hina augljósu gagnsemi tæknimiðstöðva í okkar grannlöndum. Fullyrða má að okkur mun seint ganga að komast með tærnar þar sem þau hafa hælana í verkmenntun og raungreinakennslu meðan við bjóðum ekki uppá sömu úrræði í námi og áhugaeflingu. SFH leggur því til að úrræði af þessu tagi verði hluti af þeirri framkvæmdaáætlun sem hér er lögð til. SFH eru reiðubúin að leggja sína aðstoð af mörkum til að þetta úrræði verði að raunveruleika til eflingar á verk- og tæknimenntun og hvatningar á sviði nýsköpunar.

Til athugunar:

Af gefnu tilefni beina Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna því enn á ný til nefnda Alþingis og einstakra þingmanna að hafa samtökin í huga þegar fjallað er um málefni tengd frumkvöðlastarfi á fyrri stigum nýsköpunar. Þrátt fyrir að allir flokkar virðist, a.m.k. á hátíðlegum stundum, sammála um mikilvægi þess að nýta krafta íslenskra hugvitsmanna til verðmætasköpunar þá virðist þeim einkar lagið að sniðganga samtök þeirra, æ ofan í æ. Þau atriði þessarar tillögu sem hér eru gerðar athugasemdir við eru enn eitt merki slíks, sem þó verður að ætla yfirsjón fremur en ásetning. Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna, og systursamtök þeirra, KVENN, eru einu opnu og almennu samtök hugvitsfólks og frumkvöðla á byrjunarstigi nýsköpunar. Þeim hefur iðulega og markvisst verið haldið frá ákvarðanatöku um eigin málefni, og er þess skemmst að minnst er þeim var synjað um aðild að samráðsvettvangi stjórnvalda við hagsmunaaðila á sviði nýsköpunar, svonefndum „Hátækni- og sprotavettvangi“. Slíkir fordómar eru ekki til þess fallnir að efla hér nýsköpun og framfarir.

SFH eru reiðubúin að vinna með stjórnvöldum að öllu því er til framfara horfir og geta lagt fram mikla reynslu í þeim efnum.

Virðingarfyllst

02. október 2014

f.h. Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna

Valdimar Össurason, stj.form.